



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Hvern djöfulinn er Satan að gera?

Rannsókn á hlutverki og stöðu Satans í Gamla testamentinu

Ritgerð til BA í guðfræði - djáknanámi

Daníel Ágúst Gautason

Október 2016

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Guðfræði – Djáknanám

Hvern djöfulinn er Satan að gera?

Rannsókn á hlutverki og stöðu Satans í Gamla testamentinu

Ritgerð til BA-prófs í guðfræði - djáknanámi

Daníel Ágúst Gautason

Kt.: 291194-3389

Leiðbeinandi: Gunnlaugur A. Jónsson

Október 2016

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Hin mörgu nöfn og birtingamyndir Satans.....	5
2.1. Kraftur nafnsins.....	5
2.2. Hugtakið „satan”.....	6
2.3. Stór, rauður og geitarlegur.....	7
3. Yfirlit um hvar Satan er nefndur í Gamla testamentinu.....	10
3.1. Fyrsta Mósebók.....	10
3.2. Fyrri Kroníkubók.....	13
3.3. Jobsbók.....	14
3.4. Sálmarnir.....	17
3.5. Jesaja.....	18
3.6. Esekíel.....	20
3.7. Sakaríá.....	21
4. Himneskur og jarðneskur.....	23
4.1. Hinn himneski.....	23
4.2. Hinn jarðneski.....	27
5. Áhrif Satans á dægurmenningu.....	29
6. Lokaorð.....	32
7. Heimildaskrá.....	34

1. Inngangur

Please allow me to introduce myself

I'm a man of wealth and taste.

-The Rolling Stones, *Sympathy for the Devil* (1969)

Árið 1969 gaf hljómsveitin The Rolling Stones út vinsæla lagið *Sympathy for the Devil*. Viðfangsefni lagsins var, eins og titillinn gefur til kynna, djöfullinn. Það má teljast viðeigandi við stefnu hljómsveitarinnar og tíðarandann, en pönkið og rokkið ögraði hinni kristnu íhaldssemi samfélagsins. Í laginu lýsir djöfullinn því þegar hann var viðstaddur helstu voðaviðburði mannkynssögunnar, en þess á milli spyr hann hlustandann hvort hann viti nafn sitt. Að lokum segir hann að hlustandanum leyfist að kalla sig Lúsífer. Lúsífer er eitt af þeim mörgum heitum sem hafa verið eignuð djöflinum. Í þessari ritgerð verður að mestu notast við heitið Satan. Satan er ein þekktasta persóna Biblíunnar. Þessi persónugervingur illskunnar hefur um langa tíð vakið upp hinar ýmsu erfiðu spurningar. Þessar spurningar eru víðtækar og geta verið allt frá heimspekilegum og trúfræðilegum að siðfræðilegum og mannúðarlegum spurningum. Ef til vill er ein vinsælasta spurningin: Af hverju þjáist gott fólk? Á þessari spurningu byggist Jobsbók, þar sem Satan gegnir lykil hlutverki.

Hugmyndin um djöfulinn hefur í margar aldir mótast af mismunandi stefnum og hugmyndafræðum. Satan getur birst okkur sem fórnarlamb í stórfenglega ljóðinu *Paradísarmissir* eftir John Milton, sem ógnvænlegur í málverkinu *Hell* eftir Hans Memling, eða jafnvel sem aðlaðandi í kvikmyndinni *Bedazzled*, þar sem Satan var leikinn af Elizabeth Hurley. Hann hefur einnig verið innblástur fyrir fjöldamörg illmenni, þar á meðal minnir Sauron í *Hringadróttinssögu* á hinn fallna Lúsífer.¹ Þessi fjölbreytileiki sem mennirnir hafa tileinkað Satani sýnir þann áhuga sem fólk hefur á þessari heillandi persónu. Við getum ekki verið viss hvar við höfum Satan í lífi okkar. Er hann aðeins myndlíking um hið slæma í heiminum eða er hann efnisleg persóna? Ef svo væri

¹ Anna Bentína Hermannsen, „The Lord of the Rings: The Return of the King”, *Deus ex cinema*, 21. maí 2005, sótt 15. júní 2016 af <http://dec.is/the-lord-of-the-rings-the-return-of-the-king/>.

er freistandi að afskrifa Satan sem alvondan og uppsprettu alls hins illa. Þegar við skoðum hvernig Satan kemur fram í Gamla testamentinu komust við hins vegar að því að það er alls ekki svo einfalt. Rannsókn á stöðu Satans innan Ritningarinnar getur ögrað þeirri tvíhyggju sem er ráðandi í hugsun manna um Guð og Satan. Ástæðurnar til að hugsa um Satan eru fjölmargar, hvort sem það er áhugi á hinu illa, hinu mannlega, hinu guðlega, eða öðru. Satan er því verðugt viðfangsefni fræðilegrar rannsóknar.

Í þessari ritgerð verður skoðuð birtingarmynd og hlutverk Satans í Gamla testamenti Biblíunnar. Þó er óhjákvæmalegt að fjalla örlítið um hvernig djöfullinn kemur fram í Nýja testamentinu, ljóðum, bókum og kvikmyndum til viðmiðunar um hvernig hugmyndin um Satan þróast með mannum. Þrátt fyrir að djöfulinn sé ein þekktasta persóna Biblíunnar, ef til vill sú þekktasta að fráskyldum Guði og Kristi, er kölski sjaldan nefndur í Gamla testamentinu. Farið verður yfir þá helstu ritningarstaði þar sem hann kemur fram, hvernig hann birtist okkur og hvert hlutverk hans er. Þetta er mjög víðtækt efni og við lok ritgerðarinnar munu efalaust margar fleiri spurningar vakna um hlutverk djöfulsins, heimspekilegar, trúfræðilegar og siðferðislegar. Hins vegar er ein spurning sem þessi ritgerð mun einbeita sér á að svara: Hvern djöfulinn er Satan að gera í Gamla testamentinu? Eða til að vera hnitmiðaðri: Hvert er hlutverk Satans í Gamla testamentinu og hvernig hefur staða hans og verk áhrif á þá mynd sem við höfum af honum í dag?

2. Hin mörgu nöfn og birtingamyndir Satans

Please to meet you,

Hope you guess my name

-The Rolling Stones, *Sympathy for the Devil* (1969)

2.1. Kraftur nafnsins

Satan ber marga titla. Íslendingar kannast vel við heiti eins og djöfull, skratti, ári, fjandi, skolli og kölski. Íslenskar þjóðsögur eru ekki hugmyndasnauðar á titlum fyrir Satan, og það er Biblían ekki heldur. Flestu og frumlegustu titlar djöfulsins koma fram í Nýja testamentinu. Þar finnum við fjölbreytta flóru af samheitum yfir Satan, meðal annars „óvinur ykkar“ (1Pét 5.8), „Abbadón“ (Opb 9.11), „engill undirdjúpsins“ (Opb 9.11) og „andkristur“ (1Jóh 4.3). Svona mætti lengi telja.

Gamla testamentið er ekki með jafn marga titla yfir Satan, enda kemur hann mun sjaldnar fram þar. Í 1Mós 3.1 kemur hann fram sem höggormur. Því er ekkert verið að koma með frumlegri titla fyrir hann þar en það. Hins vegar hefur það valdið ýmsum ákveðnu hugarangri, þar sem sumir telja höggorminn í raun ekki vera Satan. Betur verður farið yfir það síðar. Í Fyrri Konungabók 21.1 er hugtakið „Satan“ notað, sem og í Jobsbók 1.6. Í Esekíel er bæði fjallað um „verndarkerúb“ (Esk 28.14), og „konunginn í Týrus“ (Esk 28.12), og hafa sumir tengt það við Satan.

Í Jesaja er möguleiki á að þrisvar sinnum sé fjallað um Satan. Í Jesaja 14.4 er fjallað háðslega um konunginn í Babýlon. Mögulegt er að um sé að ræða Satan. Seinna í sama kafla er konungurinn í Babýlon kallaður „ljósberi, sonur morgunroðans.“ (Jes 14.12). Orðið „ljósberi“ er komið af orðinu „lucifer.“ Lúsífer þekkja flestir sem annað heiti yfir djöfulinn. Athyglisvert er að benda á að fjallað er um Levjatan í Jesaja 27.1, Job 3.8, 40-41 og sálmum 74.14 og 104.26. Í öllum bókunum er Levjatan lýst sem sjávarskrímsli. Hægt væri að geta sér til um að Levjatan væri í raun Satan, boðandi ótta og eyðileggingu í einhverskonar skrímslaham. Hins vegar er það líklegast ekki svo. Levjatan er frekar táknrænt skrímsli um hið illa í heiminum, óttann og dauðann. Sú lýsing kemur fram í neðanmálgrein 2007 útgáfu Biblíunnar í Jobsbók þegar fjallað er um Levjatan.

„Levjatan var dreki eða skrímli í fornum sköpunarsögum er merkti óskapnaðinn sem sigraður var þegar heimurinn var skapaður. Levjatan merkir einnig þá ógn sem stafar af dauða og tortímingu.”²

Trúarbragðaprófessorinn Elaine Pagles segir í bókinni sinni *The Origin of Satan* að Levjatan sé í raun líkingarmál yfir óvinabjóðir Ísraels. Þegar fjallað er um Levjatan er lýst kröftum hans en þó nær Guð alltaf að sigra hann.³ Það lýsir þeirri von sem er gegnumgangandi í Gamla testamentinu að Guð muni refsa hinum ranglátu og sigrast á þeim þjóðum sem herja á gyðingana.

2.2. Hugtakið „satan”

Eins og svo mörg nöfn í Biblíunni hefur orðið „satan” ákveðna merkingu. Orðið á uppruna sinn í hebresku og merkir „óvinur” eða „andstæðingur.” Nafnorðið „satan” er komið af rótinni „stn”, sem merkir sem sagnorð „að vera fjand-samlegur við.” Einnig er nafnorðið „sitna” komið af sömu rót, en það merkir „óvild.” Orðið „satan” kemur ekki oft fram í Gamla testamentinu, eða aðeins 27 sinnum. Sem sögn kemur „stn” sex sinnum fram í Gamla testamentinu, einu sinni í Sakaríá og fimm sinnum í Sálmunum. Sagnorðið „stn” er meðal annars notað til að gefa til kynna þegar gott er launað með illu, á meðan nafnorðið „satan” er notað yfir einstaklinga sem lýst er sem „óvinir” eða „andstæðingar”, meðal annars í hernaðarlegum eða pólitískum skilningi.⁴ Það var ekki fyrr en seinna að orðið fékk guðfræðilega merkingu sem djöfullinn. Þar sem Gamla testamentið hafði engin sérstök eða þróuð guðfræðileg hugtök var notast við hversdagslegt mál sem seinna fékk guðfræðilega merkingu.⁵ Þannig þróaðist orðið „satan” úr veraldlegri merkingu yfir í guðfræðilega. Hebreska orðið „satan” hefur sömu merkingu og gríska orðið „diabolos”, „andstæðingur”, en þaðan er hugtakið

² *Biblían: Heilög ritning: Gamla testamentið. Ásamt Apókrýfu bókunum. Nýja testamentið*, Reykjavík: Hið íslenska Biblíufélag, JPV útgáfa, 2007, bls. 591.

³ Pagles, Elaine, *The Origin of Satan*, New York: Vintage Books, 1996, bls. 39.

⁴ Wanke, G., „Satan adversary”, *Slh terapim, Theological Lexicon of the Old Testament*. Volume 3, ritstj. Jenni, Ernst og Westermann, Claus/ þýð. Biddle, Mark E., Peabody: Hendrickson Publishers, 1997, bls. 168-169.

⁵ Bruggemann, Walter *Reverberations of Faith. A Theological Handbook of Old Testament Themes*, London: Westminster John Knox Press, 2002, bls. 187.

„djöfull” komið.⁶ Það var ekki fyrr en skömmu eftir babýlónsku herleiðinguna, sem átti sér stað 586-538 fyrir Krist, að fjallað var um Satan sem persónu sem var hluti af himneskri hirð Guðs.⁷

2.3. Stór, rauður og geitarlegur

Satan kemur víða við, þar á meðal í dægurmenningu okkar. Hér verður farið yfir nokkur dæmi um hvernig Satan birtist okkur útlitslega í Biblíunni, þáttum, kvikmyndum og bókverkum. Byrjað verður á að skoða þátt af *The Simpsons*. Þátturinn heitir „Bart Gets Hit by a Car”. Þátturinn byrjar á, eins og titillinn getur til kynna, að Bart Simpson verður fyrir bíl. Hann missir meðvitund og sál hans flýtur niður til Helvítis. Þar tók á móti honum djöfullinn sjálfur. Hann er stórvaxinn og rauðleitur. Á fótum hans eru klaufar og á höfðinu horn. Hann hefur oddhvassan hala og heldur á þríforki.⁸ Þetta virðist vera nokkuð hefðbundin birtingarmynd af Satani í nútíma dægurmenningu.

Þessi birtingarmynd er ekki aðeins í sjónvarpsþáttum heldur líka kvikmyndum. Tim Curry birtist okkur sem ýktur, en á sama tíma áhrifamikill, myrkraprins í kvikmyndinni *Legend* frá 1986, og Benjamin Christensen lagði línurnar niður fyrir djöfla framtíðarinnar á stóra skjánum sem Djævlen í dönsku kvikmyndinni *Häxan* frá árinu 1922. Hugmyndin um Satan sem stóran, rauðan og geitarlegan er ráðandi í afþreyingarmenningu okkar og hefur verið það um langa tíð. En passar þessi birtingarmynd Satans við lýsinguna á honum í Biblíunni? Samkvæmt Esekíel var konungurinn í Týrus, sem sumir vilja kenna við Satan, fullkominn. „Þú varst fullkomleikinn sjálfur,/ fullur visku og fullkominn að fegurð.” (Esk 28.12). Esekíel lýsir honum sem þakinn fögrum steinum og gulli. Í nútíma dægurmenningu er Satani er lýst sem stórum, rauðum púka. Í raun þróaðist sú hugmynd um Satan ekki fyrr en nokkrum öldum eftir að Gamla testamentið var ritað niður.⁹ Hugmyndin um geitafætur hans minna á satíra í

⁶ Mobley, Gregory og Wray, T.J., *The Birth of Satan. Tracing the Devil's Biblical Roots*, New York: Palgrave Macmillan, 2005, bls. 25.

⁷ Wanke, G., *Slh terapim*, bls. 168.

⁸ Framl. Kirkland, Mark, Groening, Matt og Reiss, Mike, leikstj. Kirkland, Mark, *The Simpsons*, „Bart Gets His by a Car”, 1991, Fox Broadcasting Company.

⁹ Mobley, Gregory og Wray, T.J., *The Birth of Satan*, bls. 52.

grískri goðafræði og þríforkur djöfulsins minnir óneitanlega á þrífork Póseidons í sömu goðafræði.

Í Esekíel 28.14 er sagt að konungurinn í Týrus hafi verið gerður af verndarkerúb af Guði. Kerúb er ákveðin tegund af engli. Í goðafræði Assýringa voru kerúbar verndarar eða verðir, staðsettir við innganga að hofum eða höllum. Það rímar við hlutverk þeirra í Biblíunni, en þegar Guð rak Adam og Evu út úr paradís setti hann kerúba til að vernda lífstréð í Eden (1Mós 3.24). Assýringar töldu kerúba vera stóra, vængjaða og með höfuð ljóna eða manna.¹⁰ Hvernig líta kerúbar út í Gamla testamentinu? Esekíel tekur skýrt fram að kerúbar eru með vængi, ekki aðeins tvo heldur fjóra (Esk 10.21). Engin frekari lýsing er á líkama þeirra, þó tekið sé fram að þeir eru með hendur og bak. Hægt er að túlka þennan lýsingarskort sem svo að höfundurinn ýjar að því að líkami kerúbanna sé eins og hefðbundinn mannlíkami. Hins vegar er eitt atriði sérstaklega tekið fram um kerúbanna. Allur líkami þeirra er þakinn augum. (Esk 10.12). Andlit kerúbanna eru einnig greinilega afgerandi. „Hver vera hafði fjögur andlit. Fyrsta andlitið var kerúbsandlit, annað mannsandlit, þriðja ljónsandlit og fjórða arnarandlit.” (Esk 10.14). Þarna er sérstaklega tekið fram að andlit kerúba er ekki eins og andlit manna. (Esk 10.21). Ef að Satan var verndarkerúb er því möguleiki á að hann hafi vængi, fjögur andlit og að líkami hans sé þakinn augum. Ef við leyfum okkur að skoða hvernig Páll postuli lýsir Satani í Nýja testamentinu þá segir hann Satan dulbúa sig sem ljósengill. (2Kor 11.14). Hugmyndin um Satan sem engill er því ennþá ráðandi þegar kemur að Nýja testamentinu.

Ein frægasta sagan um Satan fyrir utan Biblíuna er ljóðið *Paradísarmissir*. Þar heldur höfundurinn, John Milton (1608-1674), því líka fram að Satan hafi verið fallinn kerúb.¹¹ Það sem stendur hins vegar uppi í lýsingunni á Satani hjá Milton er hversu gríðarlega stór hann telur Satan vera. Milton líkir stærð Satans við Levjatan og Títanana. Títanar eru þekkt fyrirbæri í grískri goðafræði, gríðarstórir óvinir grísku goðanna. Milton segir að það væri jafnvel hægt að telja Satan vera eyju vegna stærðar hans.¹² Fyrsta bók af tólf í *Paradísarmissi* segir að

¹⁰ Oliver, Evelyn Dorothy og Lewis, James R., *Angels A to Z*, ritstj. Lakey, Andy, Detroit: Visible Ink Press, 1996, bls. 90.

¹¹ Milton, John, *Paradise Lost*, London: Harper Press, 2013, bls. 5.

¹² Milton, John, *Paradise Lost*, bls. 6-7.

Satan hafi staðið frammi fyrir hinum föllnu englum. Hann hafði áður verið þekktur fyrir þokka sinn og englarnir sáu að ennþá væri himnabirta og þokki yfir honum. Milton gefur hins vegar í skyn að eftir fallið muni útlit Satans verða ófrýnilegra með tímanum.¹³ Það passar við lýsingu Dante Alighieri (1265-1321) á Satani. Í sínu eigin stórbrotna ljóði, *Hinn guðdómlegi gleðileikur*, segir Dante frá ferð sinni í gegnum Inferno. Þar sér hann Satan sem er frosinn fastur eftir fall sitt. Dante lýsir Satani, eins og Milton, sem risavöxnum. Hins vegar hefur Satan útlitið ekki með sér þar sem Dante telur hann býsna ófrýnilegan. Dante lýsir því sem svo að Satan væri jafn ljótur í Helvíti og hann var fallegur í Himnaríki. Djöfull Dantes er með þrjú andlit og vængi sem voru stærri en nokkur segl sem miðaldahöfundurinn hafði séð. Áferð þeirra er eins og á leðurblökuvængjum. Satan var greinilega ekki ánægður í þrísund sinni, en hann grét úr öllum sex augunum.¹⁴ Þarna eru ákveðnir þættir sameiginlegir hjá höfundunum. Báðir töldu þeir að Satan hafi verið gullfallegur þegar hann var í Himnaríki og báðir töldu þeir hann vera gríðarlega stóran. Hins vegar virðist lýsing Dantes betur passa við þá „sjónvarps og kvikmynda-Satana“ sem þessi kafli byrjaði á að lýsa. Satan hjá Dante virðist nokkuð skrímslalegur á meðan Satan hjá Milton virðist halda sínu englaútliti. Svo virðist sem að málarinn Gustave Doré (1832-1883) væri sammála þeirri staðhæfingu. Hann málaði bæði mynd af Satani Dantes og Satani Miltons. Doré málaði Satan hjá Dante sem augljóslega gríðarlega stóran. Á málverkinu má sjá hversu lítið mannfólkið er í návist hans. Hann er með gríðarstóra leðurblökuvængi og fjóra af þeim, eins og kerúbarnir. Þessi Satan er ófrýnilegur og erfitt er að finna til samúðar með honum. Annað á hins vegar við um Satan hans Miltons. Doré málaði hann í líkingu manns. Satan er einn á myndinni og því getum við ekki getið okkur til um stærð hans. Hann er í herklæðum og með leðurblökuvængi sem eru töluvert minni en þeir sem Dante lýsti. Satan á myndinni er greinilega nýfallinn af himnum. Andlit hans lýsir bæði undrun og vonleysi. Ólíkt hinum ógurlega Satan Dantes, getum við fundið fyrir samúð með þessum fallna engli Miltons. Enda passar það við hina mannúðlegu og rómantísku hugmynd sem að Milton var með um Satan í ljóði sínu.

¹³ Milton, John, *Paradise Lost*, bls. 18.

¹⁴ Alighieri, Dante, *The Divine Comedy*, ritstj. Griffith, Tom/ þýð. Cary, Henry Francis, London: Wordsworth Classics of World Literature, 2009, bls. 149.

3. Yfirlit um hvar Satan er nefndur í Gamla testamentinu

But what's confusing you

Is just the nature of my game

-The Rolling Stones, *Sympathy for the Devil* (1969)

Í þessum hluta verður fjallað stuttlega um þá kafla í Gamla testamentinu þar sem Satan kemur fram, bæði sem hugtak og eiginleg persóna. Fjallað verður um hlutverk hans og stöðu og hvernig hann keyrir atburðarrásina áfram. Eftir lesturinn er athyglisvert að sjá að Gamla testamentið lýsir hlutverki Satans ekki sem hins hefðbundna kristna djöfuls.¹⁵

3.1. Fyrsta Mósebók

„Höggormurinn var slóttugri en öll dýr merkurinnar sem Drottinn Guð hafði gert.“ (1Mós 3.1)

Þrátt fyrir að Satan komi ekki oft fyrir í Fyrstu Mósebók er hann til staðar á fyrstu blaðsíðum hennar. Í 1Mós 3.1 er höggormurinn kynntur til sögunnar. Það má segja að höggormurinn sé fjórða persóna Biblíunnar á eftir Guði, Adam og Evu. Margir telja þennan höggorm vera Satan sjálfur. Hægt er að færa fram ákveðin rök fyrir því. „Höggormurinn var slóttugri en öll dýr merkunnar sem Drottinn Guð hafði gert.“ (1Mós 3.1). Höggormurinn er það viti borinn að hann þekkir tungu manna. Eins og kom fram var höggormurinn slóttugur og hann notaði gáfur sínar til að sannfæra mannfólkið um að brjóta gegn lögum Guðs. Þessi lýsing á gáfum og verkum höggormsins rímar við þá lýsingu af Satani sem er hvað þekktust, sem slægum óvini Drottins sem notar mannfólkið í stríði sínu gegn honum. Satan er einnig lýst sem gáfuðum á öðrum stöðum í Biblíunni. Í Esekíel er það tekið fram að Satan hafi verið „fullur visku og fullkominn af

¹⁵ Brueggemann, Walter, *Reverberations of Faith. A Theological Handbook of Old Testament Themes*, bls. 188.

feigurð." (Esk 28.12.). Fyrsta Mósebók er ekki eina bókin sem vísar í Satan sem höggorm. Það er aftur gert í blálök Biblíunnar, í Opinberunarbók 12.9 og 20.2.

Hvert er hlutverk Satans í Fyrstu Mósebók? Í aðeins tveimur köflum er búið að skapa himin og jörð, mannfólk og dýr. Við erum komin með umhverfið og persónurnar og nú getur afburðarrásin farið af stað. Atburðarrásin hefst á syndafallinu. Höggormurinn tælir mannfólkið og sannfærir það um að borða af forboðna trénu. Þegar Guð kemst af því, alvitur eins og hann er, rekur hann Adam og Evu út úr Eden. Höggormurinn fær einnig sína refsingu. „Á kviði þínum skaltu skríða og mold eta alla þína ævidaga." (1Mós 3.14.). Þar sem sérstaklega er tekið fram að höggormurinn skuli skríða á kviði sínum getur það gefið til kynna að hann hafi verið með fætur áður en freistingin átti sér stað. Þá eru jafnvel til kenningar um að höggormurinn hafi í raun og veru verið kamelljón.¹⁶ Hins vegar getum við ekki litið á það sem svo að Satan sé bókstaflega höggormur. Satan er eins og veira og höggormurinn hýsill. Á meðan höggormurinn tekur út refsinguna hefur Satan náð ætlunarverki sínu. Syndin er komin í heiminn.

Eva sagði að hún mætti ekki borða af forboðna trénu af skipun Guðs, annars myndi hún deyja. Höggormurinn sagði að ef hún borðaði af trénu myndi hún ekki deyja, heldur þekkja muninn á góðu og illu. Laug Satan eða laug Guð? Hérna verðum við að fara varlega um. Hvorki Adam né Eva dóu um leið og þau átu af trénu. Hins vegar dóu þau bæði á endanum, Adam þá orðinn 930 ára (1Mós 5.5.). Ekkert bendir til þess að dauði hafi verið í heiminum þar til Adam og Eva borðuðu af trénu. Því má segja að Guði hafi sagt sannleikann. Þau dóu á endanum eftir að hafa borðað af trénu. Hins vegar dóu þau ekki um leið, eins og margir hafa túlkað orð Guðs. Því er jafnvel hægt að segja að höggormurinn hafi líka sagt sannleikann, þó að í besta falli hafi þetta verið hvítalygi. Höggormurinn var að notfæra sér ákveðin túlkunaratriði sem sýnir enn og aftur hversu slóttugur hann var.¹⁷ Þrátt fyrir að Satan kemur að mannfólkinu sem höggormur hefur hann mannlega eiginleika. Hann kann mælskunnar list, gæddur gáfum og hugar að eigin hagsmunum. Hann kemur fram sem freistari á meðan Guð, sem er einnig gæddu mannlegum eiginleikum í frásögninni, kemur fram sem elskandi

¹⁶ Wenham, Gordon J., *Genesis 1-15*, World Biblical Commentary. Volume 1, ritstj. David A. Hubbard og Glenn W. Barker, Texas: World Books, 1987, bls. 79.

¹⁷ Wenham, Gordon J., *Genesis 1-15*, bls. 74.

faðir. Hann gengur um í aldingarðinum og leitar að börnum sínum, mannfólkinu.¹⁸ Guð refsar Adam og Evu fyrir ódæðisverk sín því það myndi elskandi faðir gera. Það er hluti af uppeldinu og það kennir ábyrgð á verkum sínum. Þegar mannfólkið beit í eplið skyldi það muninn á góðu og illu. Það öðlaðist skilning á gjörðum sínum og heiminum í kringum það. Hægt er að telja að með því að borða af forboðna trénu hafi það fengið sjálfstæðan vilja. Á móti kom missti það eilíft líf hér á jörðu og fengu að upplifa þjáningu og sársauka. Var sjálfstæður vilji þessa gjalds virði?

Hvað bendir til þess að höggormurinn hafi ekki verið Satan? Sumir fræðimenn efast um að höggormurinn hafi verið Satan því að hugmyndin um persónulegan djöful er ekki að finna í elstu hlutum Gamla testamentisins. Höggormur var líklega talið vera óhreint dýr, ef marka má upptalninguna á óhreinum dýrum í Þriðju Mósebók 11, og því tilvalið fyrir höfund Fyrstu Mósebókar að birta höggorm sem „vonda karlinn” í þeirri bók.¹⁹ Einnig er það sérstaklega tekið fram að höggormurinn var dýr merkurinnar, skapaður af Guði eins og önnur dýr. (1Mós 3.1.). Það að túlka höggorminn sem Satan átti sér ekki stað fyrr en eftir ritunartíma Fyrstu Mósebókar. Það var gert til að koma með biblíulegan grunn fyrir Satan sem hinn kristna djöful, andstæðing Guðs, og á sér líklegast rætur í tvíhyggju persa. Samkvæmt tvíhyggjunni stendur slæmt á móti góðu, Satan stendur á móti Guði.²⁰ Hlutverk höggormsins sem freistara í sköpunarsögunni á sér líklegast uppruna úr öðrum sköpunarsögum. Í Babýlónsku ljóði sem fjallar um sköpunina koma fram einhverskonar snákur og ávöxtur lífsins, sem eiga sér hliðstæður í höggorminum og forboðna ávextinum. Höfundur Fyrstu Mósebókar hefur því af öllum líkindum kannast við þá sköpunarsögu, eða einhverskonar útgáfu af henni. Snemma var farið að líta á höggorminn sem Satan. Í *Life of Adam and Eve*, sem er endursögð frásögn af lífi

¹⁸ Speiser, E.A., *Genesis*. The Anchor Bible, New York: Doubleday & Company, Inc., 1983, bls. 25.

¹⁹ Wenham, Gordon J., *Genesis 1-15*, bls. 72.

²⁰ Brueggemann, Walter, *Reverberations of Faith. A Theological Handbook of Old Testament Themes*, bls. 188.

Adams og Evu frá fyrstu öld eftir Krist, er sagt að djöfullinn talaði við Evu í gegnum höggorminn.²¹

3.2. Fyrri Kroníkubók

„Satan reis upp gegn Ísrael.” (1Kro 21.1)

„Enn einu sinni blossaði reiði Drottins upp gegn Ísraelsmönnum. Hann espaði Davíð gegn þeim og skipaði: „Farðu og teldu Ísraelsmenn og Júdamenn.”” (2Sam 24.1). Davíð framkvæmdi þá synd sem að Drottinn skipaði honum að gera. Eftir að Davíð gerði það sá hann hins vegar eftir synd sinni og var fús að taka við refsingu Guðs. Satan kemur ekki nálægt þessari frásögn sem á sér stað í Seinni Samúelsbók. Hins vegar hljómar frásögnin öðruvísi ef flett er áfram að Fyrri Kroníkubók. Þar er sagt frá sama viðburði, aðeins á öðruvísi hátt: „Satan reis upp gegn Ísrael. Hann æsti Davíð til að láta telja Ísraelsmenn.” (1Kro 21.1) Upp úr þurru er Satani kastað inn í atburðarrásina til að taka á sig sök sem áður var eignuð Guði.²²

Hér er Satan ekki að vinna í nafni Guðs. Hér er Satan ekki hluti af himneskri hirð Drottins. Hérna er Satan tekinn fram sem sjálfstæð og óháð persóna. Satan er ekki talsmaður Guðs, heldur er hann búinn að taka við hlutverki hans. Af hverju er það gert? Fyrri Kroníkubók er endursögn af hluta af sögu Ísraels, þar á meðal sögunni um Davíð konung. Fyrri Kroníkubók 21 er eiginleg endursögn af Seinni Samúelsbók 24.²³ Með svona viðamikið efni er ekki furða að einhverjir þættir breytast í frásögninni. Hins vegar virðist það vera meðvitað hjá höfundi Fyrri Kroníkubókarinnar að breyta þessum ákveðna hluta. Höfundurinn hefur ekki getað viðurkennt það að Drottinn væri bæði sá sem átti orsök syndar Davíðs og sá sem ætlaði að refsa fyrir hana. Því breytti hann textanum á þann hátt að það var Satan sem lét Davíð framkvæma syndina. Davíð biður Guð fyrirgefningar á synd sinni og heldur þannig stöðu sinni sem Guðs útvaldi maður. Höfundur Fyrri Kroníkubókar gat réttlætt þetta þannig að syndin

²¹ Mobley, Gregory og Wray, T.J., *The Birth of Satan*, bls. 69-70.

²² Mobley, Gregory og Wray, T.J., *The Birth of Satan*, bls. 44.

²³ Braun, Roddy, *1 Chronicles*. World Biblical Commentary. Volume 14, ritstj. David A. Hubbard og Glenn W. Barker, Texas: World Books, 1986, bls. 216.

var ekki Davíð að kenna, heldur Satani. Á meðan Seinni Samúelsbók hefur stöðu mannsins frekar óljósa er höfundur Fyrri Kroníkubókar með hana tæra: Ef þú þjáist, þá gerðir þú eitthvað rangt. Það er sama skoðun og vinir Jobs voru með.²⁴

Þegar Satan er nefndur í Fyrri Kroníkubók er notað orðið „hassatan“ (e. the adversary), eða andstæðingurinn með greini. Greinirinn gefur til kynna að verið sé að vísa í Satan sem himneska persónu á sínu síðara þróunarskeiði. Verið er að fjalla um Satan sem ákveðna persónu en ekki er verið að nota orðið sem regnhlífahugtak um almenna andstæðinga Davíðs eða Ísraelsmanna. Þvílík birtingarmynd Satans kemur aðeins fram í þessum kafla í Fyrri Kroníkubók, Jobsbók 1-2 og Sakaríá 3.1.²⁵

3.3. Jobsbók

„Satan svaraði Drottni og sagði: „Er Job guðhræddur að ástæðulausu? Hefur þú ekki verndað hann, hús hans og eignir á alla lund?“ (Job 1.9).

Í dag er aðallega litið á Satan sem höfðingja í Helvíti. Þá er athyglisvert að benda á að aldrei er nefnt að Satan ríki yfir undirheimunum í Gamla testamentinu. Sú hugmynd á meira skylt við Hades í grískri goðafræði. Í Gamla testamentinu birtist Satan okkur annað hvort á jörðinni eða á himnum. Í byrjun Jobsbókar er hann á himnum. Eitt helsta þema Jobsbókar er þjáning hinna réttlátu. Job var réttlátur og guðhræddur maður sem missti allt, fjölskyldu sína, eignir og heilsuna. Það eina sem hann virtist ekki missa var trúin, enda var honum verðlaunað fyrir það í lok bókarinnar. Þessi frásögn af þjáningu hins réttláta og verðlaun Drottins að lokum rímar við frásögnina um Jesú Krist í Nýja testamentinu.

Jobsbók byrjar á því að kynna fyrir okkur Job. Á þessum stað í atburðarrásinni er hann hamingjusamur og velgengni hans er mikil. Frásögnin færir svo til himnanna. Synir Drottins gengu til Guðs og var Satan á ferð með þeim. Satan segist hafa verið á ferðalagi um jörðina og Guð spyr hvort hann hafi séð Job. Guð hreykir sér yfir því hversu góður og guðhræddur maður Job er en

²⁴ Forsyth, Neil, *The Old Enemy. Satan and the Combat Myth*, Princeton: Princeton University Press, 1987, bls. 118-121.

²⁵ Braun, Roddy, *1 Chronicles*, bls. 216-217.

Satan telur það aðeins vera vegna þess að Guð hafi verndað hann alla hans ævi. Þá gera þeir veðmál. Satan fær að grípa inn í líf Jobs til að finna út hvort hann sé enn jafn guðhræddur eftir að hafa orðið fyrir hörmungum. Það eina sem Satan má ekki gera er að leggja hönd á Job, en í staðinn drepur hann dýr hans og börn og eyðileggur eignir hans. Job missir þó ekki trúna. Satan og Guð ræðast við í annað sinn og gera annað veðmál. Í þetta sinn má Satan leggja hönd sína á Job án þess að taka líf hans. Þrátt fyrir að Job verður fárveikur afneitar hann ekki Guði.

Satan ferðast um í Jobsbók. Hann byrjar á himnum í samtali sínu við Guð en fer svo niður til jarðar til að grípa inn í líf Jobs. Á meðan er Guð aðgerðarlaus á himnum eins og veðmálið segir til um og grípur ekki inn í atburðarrásina fyrr en í lok bókarinnar.²⁶ Í byrjun sögunnar fáum við sérstaka vitneskju sem Job fær ekki, að þjáning hans hafði ákveðinn tilgang. Job þjáist í vanþekkingu, sem gefur þjáningunni mun meira vægi en annars. Það gefur okkur tækifæri til að samsvara okkur við þjáningu hans þegar við stöndum frammi fyrir slæmum aðstæðum sem við getum ekki útskýrt.²⁷

Ef að Satan var rekinn af himnum og er í raun fallinn, hvað er hann að gera þar? Það er nefnt að Satan ferðast um himininn með „sonum Guðs“. Þessir synir Guðs koma einnig fram í Fyrstu Mósebók 6.2.²⁸ Hverjir þessir „synir Guðs“ eru er ekki nákvæmlega gert skil á, en þeir myndu vera hvorki full-mannlegir eða full-guðdómlegur. Hægt er að telja að þeir séu englar. Á hebresku voru englar kallaðir „ma'lak“ sem merkir „sendiboði“, en á grísku voru þeir kallaðir „angelos.“ Þaðan fáum við enska hugtakið „angels.“ Hins vegar voru englar einnig kallaðir „bene 'elohim“ eða „synir Guðs.“²⁹ Sama hverjir þessir synir Guðs eru er möguleiki á að Satan sé ekki hluti af hópi þeirra, þar sem hann er tilgreindur sérstaklega. Spurning er hvort að Satan ferðast með þeim sér til gagns og gamans eða vegna þess að honum leyfist ekki að ferðast um Himnaríki án þeirra.³⁰ Einnig er möguleiki á að „þessi“ Satan sé ekki sá Satan, djöfullinn, sem við þekkjum úr kristinni trúfræði. Ef hebreska orðið yfir Satan í textanum er skoðað og notkun

²⁶ Clines, David J.A., *Job 1-20*. World Biblical Commentary. Volume 17, ritstj. Hubbard, David A. og Barker, Glenn W., Texas: World Books, 1989, bls. 9.

²⁷ Clines, David J.A., *Job 1-20*, bls. 17.

²⁸ Forsyth, Neil, *The Old Enemy*, bls. 156.

²⁹ Pagles, Elaine, *The Origin of Satan*, bls. 39.

³⁰ Clines, David J.A., *Job 1-20*, bls. 18.

Þess annarstaðar í Biblíunni er skoðuð sjáum við að frekar er verið að nota hugtakið „óvinur“ eða „andstæðingur“, frekar en heitið „Satan.“ Hebreska nafnorðið „satan“ merkir „andstæðingur“ og í Seinni Samúelsbók er það notað yfir mennska andstæðinga. Ef við skoðum textann sjálfan sjáum við einnig að „Þessi“ Satan kemur til Guðs sem undirgefinn og þjónandi, en ekki sem andstæðingur hans. „Þessi“ Satan er frekar andstæðingur Jobs en Guðs, hvort sem hann er andstæðingur Jobs vegna þess að hann er andstæðingur alls mannkyns eða andstæðingur Jobs vegna þess að aðstæður þróuðust þannig. Er hann „satan“ („andstæðingur“) í eðli sínu eða aðeins vegna aðstæðna frásagnarinnar? Enn má benda á að Satan er kallaður „hassatan“ (e. the adversary) í Jobsbók, eins og í Fyrri Kroníkubók. Á íslensku myndi það þýðast sem „andstæðingurinn“. Greinilega er verið að fjalla um einhverja ákveðna persónu, eins og áður var bent á.³¹ Hugmyndin um Satan sem ákveðna persónu í himneskri hirð Guðs varð ekki almenn fyrr en eftir babýlonsku herleiðinguna. Það er meðal annars vísbending um að Jobsbók í þeirri mynd sem við þekkjum hana hafi ekki verið fullkláruð fyrr en eftir herleiðinguna.³²

Í Jobsbók er Satan ekki birtingarmynd illskunnar, einhver sem gleðst yfir þjáningu manna. Hlutverk hans er nokkuð flókið. Hann virðist vera hluti af himneskum herskara Guðs, en þó talar hann við Drottinn nokkuð frjállega. Hann virðist jafnvel ná að sannfæri Guð til að fá að framkvæma verk eftir sínu höfði. Þó hann stendur ekki á jafningjagrundvelli gangvart Guði er hann frjálst til að efast það sem hann segir og jafnvel ögra honum.³³ Satan virðist ekki leika hlutverk djöfulsins („the devil“) í Jobsbók heldur hlutverk talsmann djöfulsins („the devil’s advocate“). Gamla testamentisfræðingurinn Walter Brueggemann segir í riti sínu, *Reverberations of Faith. A Theological Handbook of Old Testament*

³¹ Clines, David J.A., *Job 1-20*, bls. 20.

³² Stefán Einar Stefánsson, „Jobsbók hin nýja“, *Mótun menningar. Shaping Culture. Afmælisrit til heiðurs Gunnlaugi A. Jónssyni sextugum. A Festschrift in honor of Gunnlaugur A. Jónsson on his sixtieth birthday*, ritstj. Kristinn Ólafsson, Ólafur Egilsson og Stefán Einar Stefánsson, Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafélag, 2012, bls. 117.

³³ Clines, David J.A., *Job 1-20*, bls. 21-22.

Themes, að ætlunarverk Satans sé ekki að eyðileggja líf Jobs heldur að hjálpa Guði að finna sannleikann um hann.³⁴

3.4. Sálmannir

„Sendið óguðlegan gegn mótstöðumanni mínum/ og ákærandinn standi honum til hægri handar.” (Slm 109.6).

Satan er nokkuð fjarverandi í Sálmunum. Þó er hugtakið „ákærandinn” notað í sálmi 109.6. Í ensku þýðingu Biblíunnar sem *The Anchor Bible* fræðiritið notar, er orðið „satan” notað í stað ákærandans í íslensku þýðingunni.³⁵ Sálmurinn er einhverskonar persónulegt ákall um hjálp gegn óvinum sem herja að höfundinum.³⁶ Í sálminum er verið að vísa til Satans í því lögfræðihlutverki sem hann virðist hafa bæði í Jobsbók og Sakría. Satan stendur við hægri hönd óvinnar höfundarins sem verjandi hans. Höfundurinn líkir aðstæðum sínum við réttarhöld og heldur því áfram í versum 30-31 í sama sálmi, þegar hann segir að Drottinn „stendur við hlið hins snauða/ til að hjálpa honum gegn þeim sem sakfella hann.” (Slm 109.31). Höfundurinn virðist því vonast eftir því að Guð standi við hlið hans, á meðan Satan stendur með óvinum hans. Sá sem stendur með Satani mun falla en sá sem stendur með Guði hlýtur eilíft líf.³⁷ Satan í sálmi 109 þarf ekki endilega að vera yfirnáttúrulegur, heldur getur það einnig verið niðrandi heiti á lögfræðingi óvinnar höfundarins.

Þrátt fyrir að ekki sé fjallað mikið um Satan í Sálmunum er áhugavert að benda á að hann virðist vera vel fróður um þá. Í Matteusarguðspjalli birtist Satan okkur á ólíkan hátt en hann gerir í Gamla testamentinu. Matteus lýsir Satani sem miklum freistara sem vill steypa mannkyninu í glötun með því að afvega Krist af leið sinni þegar hann var í eyðimörkinni. Satan bíður syni Guðs að kasta sér fram af brún. Freistarinn hvetur Jesú til þess með því að vitna í sálm 91.11-12:

³⁴ Brueggemann, Walter, *Reverberations of Faith. A Theological Handbook of Old Testament Themes*, bls. 187.

³⁵ Dahood, Mitchell, S.J., *Psalms III. 101-150*. The Anchor Bible, New York: Doubleday & Company, Inc., 1984, bls. 97.

³⁶ Allen, Leslie C., *Psalms 101-150*. World Biblical Commentary. Volume 21, ritstj. Hubbard, David A. og Barker, Glenn W., Texas: World Books, 1983, bls. 75.

³⁷ Dahood, Mitchell, S.J., *Psalms III. 101-150*, bls 101-102.

„Hann mun fela þig englum sínum
og þeir munu bera þig á höndum sér
að þú steytir ekki fót þinn við steini.” (Matt 4.6).

Þrátt fyrir að vera fróður um Ritninguna náði Satan ekki að sannfæra Jesú. Áhugavert er að Satan virðist túlka sálmabrotið bókstaflega, eða reynir að minnsta kosti að fá Krist til að gera það. Marvin E. Tate segir í fræðiriti sínu um sálma 51-100 að hugmyndin um að láta engla bera sig sé myndmál um vernd og öryggi. Englarnir eru eins og foreldrar, sem passa að börnin sín hrasa ekki Englarnir eru til staðar fyrir þá sem að treysta Guði.³⁸ Hafa skal það í huga, með myndlíkinguna um foreldrana, að foreldrar geta lítið gert ef að börn þeirra ögra þeim viljandi og láta sig hrasa viljandi. Þannig ögrar Jesú ekki Guði, þrátt fyrir freistingar Satans.

3.5. Jesaja

„Nú ertu fallinn af himni,/ ljósberi, sonur morgunroðans./ Nú ert þú að velli lagður,/ sigurvegari þjóðríkja.” (Jes 14.12).

Jesaja var spámaður sem var uppi í Jerúsalem um 750-700 fyrir Krist. Hann var einn af spámönnum Biblíunnar sem fjölluðu um hina babýlónsku herleiðingu gyðinga, en meðal annars talar hann um fall Babýlons í kafla 13.³⁹ Í næsta kafla eftir það byrjar hann að hæðast að konunginum í Babýlon með kvæði. (Jes 14.4). Kvæðið er í sjálfu sér tvírætt en það getur bæði beinist að konunginum og verið túlkað sem frásögn af sigri Drottins gegn kúgara sem reis upp gegn honum.⁴⁰

„Hátign þín steyptist niður í helju/ ásamt hörpuhljómi þínum.” (Jes. 14.11). Þetta textabrot virðist fjalla um brottrekstur Satans frá Himnaríki. Sú frásögn er geysilega vinsæl og hefur verið notuð í margar aldir þegar verið er að

³⁸ Tate, Marvin E., *Psalms 51-100*. World Biblical Commentary. Volume 20, ritstj. Hubbard, David A. og Barker, Glenn W., Texas: World Books, 1990, bls. 457.

³⁹ Watts, John D.W., *Isaiah 1-33*. World Biblical Commentary. Volume 24, ritstj. Hubbard, David A. og Barker, Glenn W., Texas: World Books, 1985, bls. xxv.

⁴⁰ Watts, John D.W., *Isaiah 1-33*, bls. 203-204.

kynna Satan til sögunnar, hvort sem það er í *Paradísarmissi* eftir John Milton, eða sjónvarpsþáttunum *Lucifer*. Talandi um Lúsífer, þá kemur þetta heiti Satans fram í kvæði Jesaja um konung Babýlons. „Nú ertu fallinn af himni,/ ljósberi, sonur morgunroðans.” (Jes 14.12). Orðið „ljósberi”, er einmitt komið af orðinu „lucifer.” Í King James útgáfunni af Biblíunni hljómar versió svona: „How art thou fallen from heaven/ O Lucifer, son of the morning!”

Konungi Babýlons var varpað niður til heljar. (Jes 14.9). Vert er að taka fram að undirheimur Gamla testamentisins er ekki það sama og hið kristna Helvíti. Undirheimurinn líkist meira undirheimi grískrar goðafræði eða ásatrú, en hinu brennandi kristna Helvíti. Undirheimarnir kallast „Sheol”, staður hinna dauðu. Ólíkt Helvíti er Sheol ekki staður þar sem púkar pynta og pína hina ranglátu með eilífum kvölum. Sheol er dimmur og kaldur staður. Íbúarnir eru vofur, sem eyða tíma sínum sitjandi þöglar. Í raun má segja að Sheol sé aðallega leiðinlegur staður. En þegar harðstjórinn, konungur Babýlons, er varpað niður í Sheol munu vofurnar standa upp og hæðast að honum: „Jafnvel þú ert orðinn máttvana,/ jafningi vor.” (Jes 14.10). Konungur Babýlons ríki ekki glæstur lengur.⁴¹ Enn og aftur passar þetta við söguna af falli Satans. Harðstjóri sem vildi rísa gegn Guði og var varpað niður. Satan ríkir ekki yfir Helvíti samkvæmt Biblíunni. Eins og komið var fram er í raun ekkert Helvíti til að ráða yfir í Gamla testamentinu. Hann ríkir ekki einu sinni yfir Sheol. Þar var honum varpað niður og stendur á jafningjagrundvelli við alla sem eru þar. „Er þetta maðurinn sem skók alla jörðina,/ lét konungsríki riða?” (Jes 14.16). Þessi setning getur auðveldlega bæði átt við konung á þessari jörðu eða uppreisnarsegg á himnum.⁴²

Sagnfræðilega séð er kvæðið notað sem líkingarmál við konunginn í Babýlon.⁴³ Það var ekki fyrr en seinna með kirkjufeðrum eins og Tertullian og Ágústínusi að kvæðið var tengt við Satan. Frásögnin um fall Satans er vel þekkt, en þegar Gamla testamentið er skoðað kemur í ljós að aldrei er í beinum orðum fjallað um það, heldur heftur þessi texti verið tengdur við fallið. Því hefur nafnið Lúsífer fests við Satan, sem bæði Milton og Dante notuðu í ljóðum sínum. Esekíel vitnar einnig í Lúsífer en gerir það líka þegar hann fjallar um fall mikils

⁴¹ Watts, John D.W., *Isaiah 1-33*, bls. 209.

⁴² Forsyth, Neil, *The Old Enemy*, bls. 136.

⁴³ Watts, John D.W., *Isaiah 1-33*, bls. 212.

konungs.⁴⁴ Frásögnin um upprisu og fall Satans er komið af gyðinglegum spuna út frá Ritningunni sem kallast „midrash“. Hægt er að lýsa midrash sem svohljóðandi: „*Midrash er skapandi túlkun á Ritningunni.*“⁴⁵

3.6. Esekíel

„En fegurð þín fyllti þig hroka/ og þú spilltir visku þinni/ vegna ljóma þíns.“ (Esk 28.17).

Fyrir spámanninum Esekíel var það konungurinn í Týrus sem að hélt honum og fólki hans í herleiðingu. Því leyfir Esekíel sér að hella sér yfir konunginn og segja frá óheillalegri framtíð hans. Esekíel 28.12-19 er í bundnu máli. Það ljóð reifar frásögn einstaklings sem var „fullkomleikinn sjálfur“, bæði vitur og fallegur. Heimkyni hans voru þessum dygðum viðeigandi, en hann bjó í Paradís. Einstaklingurinn fylltist drambi vegna verðleika síns og hann syndgaði. Því var honum hent út Paradís, niður á jörðina þar sem hann var brenndur vegna vanhelgunar sinnar. „Endalok þín skelfa, þú ert með öllu horfinn.“ (Esk 28.9). Ljóðið á að tákna konunginn í Týrus og þeirra örlaga sem bíða hans. Spámaðurinn Esekíel þurfti að halda uppi von meðal gyðinga í herleiðingunni, sem var afleiðing þess að Jerúsalem féll. Því boðaði hann að kúgari þeirra, konungurinn, myndi hljóta verðug örlög af hendi Drottins.⁴⁶

Ef ljóðið lesið samhengislaust myndi frásögnin hljóma kunnuglega. Vitur og fagur einstaklingur sem var í Eden og, vegna drambs síns, syndgaði gegn Guði og var kastað af himnum og brenndur í eldi. Þessi frásögn virðist minna mikið á lífsferil Satans. Origenes og Tertullian, kirkjufæður sem voru uppi á þriðju og fjórðu öld eftir Krist, voru meðal þeirra sem tengdu ljóðið við Satan, meðal annars með því að líkja því við Jesaja 14.12-15. Það var gert til að tengja kristna trúfræði beint við Ritninguna, sem átti auðvitað að vera grunnur að trúfræði kristinna manna. Þeirra glæpur var hins vegar að rífa textann úr sínu sögulega

⁴⁴ Oliver, Evelyn Dorothy og Lewis, James R., *Angels A to Z*, bls. 252-254.

⁴⁵ Gunnlaugur A. Jónsson, „MIDRASH – gyðinglegur spuni út af Ritningunni. Heillandi túlkunarhefð“, *Ritröð Guðfræðistofnunnar* 18/2003, ritstj. Einar Sigurbjörnsson, bls. 27-39, hér bls. 27-28.

⁴⁶ Allen, Leslie C., *Ezekiel 20-48*. World Biblical Commentary. Volume 29, ritstj. Hubbard, David A. og Barker, Glenn W., Texas: World Books, 1990, bls. 93-95.

samhengi og aðlaga hann að sínum eigin hugmyndum.⁴⁷ Þessi frásögn rímar hins vegar við Jesaja 14, þar sem textanum er einnig beint að konungi, en með því að lesa á milli línanna má túlka konunginn sem táknmynd djöfulsins.

3.7. Sakaríá

„En Drottinn mælti til Satans: „Drottinn ávíti þig, ákærandi. Er þessi maður ekki sem brandur úr báli dreginn?“” (Sak 3.2).

Sakaríá spámaður notar ekki líkingar eða myndmál þegar hann fjallar um Satan, heldur nefnir Satan beint og gerir það nokkuð snemma. Fyrstu kaflar Sakaríá segja frá sýnum sem að spámaðurinn sá. Í fjórðu sýn Sakaríá sá hann Jósúa æðsta prest vera ákærðan af Satani frammi fyrir Guði. Hinn almáttugi hafnar hins vegar kærurni og ávítar Satan fyrir að ákæruna og spyr hvort að Jósúa væri ekki „sem brandur úr báli dreginn?“ (Sak 3.2). Jósúa er svo á táknrænan hátt hreinsaður af sök sinni með því að vera hreinsaður og færður í ný föt. (Sak 3.4).

Hebreska orðið „Satan“ ber greini í þessum texta, „hassatan“. Svo virðist sem að Satan skuli lifa eftir heiti sínu í þessum kafla, en „Satan“ merkir ekki aðeins „óvinur“ eða „andstæðingur“, heldur einnig „ákærandi.“ Þannig er djöfullinn bókstaflega kynntur sem „ákærandinn“ í þessari frásögn, áhersla á greininn.⁴⁸ Satan í Sakaríá virðist eiga meira sameiginlegt með Satani í Jobsbók en hinum kristna djöfli. Hér virðist hann aftur vera hluti af himneskri hirð Guðs, en ekki fallinn engill. Satan er ekki andstæðingur Guðs í Sakaríá. Hugtakið „Satan“ er hér notað sem titill en ekki heiti.⁴⁹ Hann er ákærandi. Hlutverk hans minnir óneitanlega nokkuð á hlutverk lögfræðings. Samskipti Guðs og Satans eru ólík í Sakaríá og Job. Í Jobsbók ávarpaði Satan Guð á hversdagslegan en þó virðulegan hátt. Samskipti þeirra virtust hvorki þvinguð né heft af formlegheitum, þó að Satan er greinilega undirskipaður Drottni. Í Sakaríá finnur Guð hins vegar þörfina til að hasta á Satan. Hann „ávítar“ (e. rebuke) Satan fyrir það sem hann sagði. Það bendir til þess að ákveðin spenna hafði myndast á milli

⁴⁷ Allen, Leslie C., *Ezekiel 20-48*, bls. 95.

⁴⁸ Smith, Ralph L., *Micah-Malachi*. World Biblical Commentary. Volume 31, ritstj. Hubbard, David A., og Barker, Glenn W., Texas: World Books, 1984, bls. 198.

⁴⁹ Smith, Ralph L., *Micah-Malachi*, bls. 199.

persónanna tveggja. Walter Brueggemann segir að ef til vill hafi Satan farið yfir sín mörk gagnvart Guði og því hafi Guð þurft að minna hann á stöðu sína gagnvart Almættinu. Þessi spenna getur hafa verið grundvallar atriði fyrir þá þróun á hugmyndinni um persónuna Satan sem átti sér stað, þar sem Satan þróaðist í bókstaflegan óvin Guðs með það markmið að afmá sköpunarverk hans.⁵⁰

Sakaría spámaður var einn af þeim sem að fór aftur til heimalands síns ásamt hinum herleiddu gyðingum eftir að þeim var sleppt af Kýrusi konungi árið 538 fyrir Krist. Þegar þeir komu til baka fengu þeir kaldar móttökur, þar sem þeir Ísraelsmenn sem höfðu verið eftir litu á þá með tortryggnum augum og töldu þá njósnara Persakonungs. Elaine Pagles túlkar þannig frásögn Sakaríu um Satan sem svo að Satan tákni þá Ísraelsmenn sem eftir voru í landinu þegar aðrir voru herleiddir í burtu. Þeir tala gegn Sakaríu og hinum herleiddu og birtast sem óvinafólk þeirra, en áður hafði það verið þeim vinveitt. Það rímar við þá stöðu Satans sem Sakaríu dregur upp. Satan var áður þjónandi hluti af himneskri hirð Guðs en kemur hér fram sem ögrandi andstæðingur.⁵¹ Starf Satans er því þakkarlaust en þrátt fyrir það mikilvægt, þar sem hann rannsakar siðferðisgildi mannfólksins.⁵²

⁵⁰ Brueggemann, Walter, *Reverberations of Faith. A Theological Handbook of Old Testament Themes*, bls. 188.

⁵¹ Pagles, Elaine, *The Origin of Satan*, bls. 44.

⁵² Mobley, Gregory og Wray, T.J., *The Birth of Satan*, bls. 65.

4. Himneskur og jarðneskur

I watched with glee

While your kings and queens

Fought for ten decades

For the gods they made.

-The Rolling Stones, *Sympathy for the Devil* (1969)

4.1. Hinn himneski

Hugmyndin um „himneskan Satan” er nokkuð ólík þeirri hugmynd af djöflinum sem að við eigum að venjast í dag. Hann er ekki óprúttinn eða óheiðarlegur. Hann vill ekki sjá fólk þjást og deyja. Það er varla hægt að segja að hann sé illur. Þvert á móti er hann hluti af himneskri hirð Guðs og vinnur eftir því. Ekki er hægt að eigna himneska Satani hið illa sem gerist í heiminum. Hvaðan á illskan sér þá uppsprettu? Jesaja var með svarið á reiðum höndum. „[...] enginn er Guð nema ég./ Ég mynda ljós og skapa myrkur,/ ég veiti heill og veld óhamingju.” (Jes 45.6-7). Ef Satan er aðeins í hirð Guðs þá er hið illa frá Guði komið.⁵³ Þegar vísað er í hinn himneska Satan virkar hugtakið „satan” meira eins og titill en heiti, eins og áður hefur komið fram.⁵⁴ Hlutverk Satans á himnum er nokkuð sérstakt. Hann virðist einkum vera ákærandi. Hann ákærir Jósúa fyrir sök hans og vill svipta hulunni af Job sem ofdekruðum manni sem myndi afneita Guði þegar byrjað væri að blása á móti honum. Hlutverk Satans er ekki að eyða og drepa, heldur er annar engill Guðs með það verkefni. Í Seinni Samúelsbók 24.26 er engill Drottins sendur til að eyða allri Jerúsalem, en hvergi er nefnt að það hafi verið Satan.⁵⁵ Í Jobsbók er hlutverk hins himneska Satans að vera mótstöðumaður Guðs í baráttunni um Job. Þessi mótstöðumaður er þó ekki einhverskonar erkióvinur Guðs og baráttan fer ekki fram með eldi og brennisteini. Í Jobsbók er Satan mótstöðumaður þeirrar hugmyndar Guðs að Job sé sannarlega guðhræddur maður. Það er hinn himneski Satan í Jobsbók.

⁵³ Forsyth, Neil, *The Old Enemy*, bls. 108-109.

⁵⁴ Forsyth, Neil, *The Old Enemy*, bls. 110.

⁵⁵ Forsyth, Neil, *The Old Enemy*, bls. 112.

Þegar Guð hittir Satan fyrst í Jobsbók spyr hann hvaðan Satan komi. Satan svarar: „Ég hef verið á ferðalagi hingað og þangað um jörðina.” (Job 1.7). Hérna er ekki verið að segja að Satan ferðist um jörðina til að spilla og freista mannfólkinu. Í Jobsbók spilar Satan ekki hlutverk hins fallna engils. Í þessari ræðu Satans notar hann í hebreska textanum orðið „sut”, (e. roaming) (í. ferðast). Það orð á sér hliðstæðu við orðið „hithallek” (e. stroll) (í. ganga) úr máli Akkadía. Það orð er notað um illa anda sem að ferðast og vaka yfir mannfólkinu án þess að gera þeim neinn skaða.⁵⁶ Það gefur til kynna að Satan hafi einfaldlega verið að njósna um mannfólkið þegar hann ferðaðist um jörðina, en ekki verið að leitast eftir að skaða það. Hinn himneski Satan virðist vera í raun nokkuð valdalífill. Hann er frjáls til að sjá mannfólkið og meta kosti þeirra og galla, en getur ekki framkvæmt neitt gagnvart fólkinu nema með leyfi Guðs. Skýrasta birtingarmynd hins eiginlega valds Satans virðist vera hversu frjállega hann leyfir sér að tala til Drottins. Hins vegar sjáum við dæmi um það þegar hinn himneski Satan fer yfir línuna og ögrar Guði í Sakaríá.⁵⁷ Í innganginum var Satan nefndur persónugervingur illskunnar. Sú lýsing á ekki við hinn himneska Satan. Hinn himneski Satan er ekki djöfull. Hann er í hlutverki lögfræðings sem stendur gagnvart valdamesta dómara í heimi.

Hinn himneski Satan birtist okkur bæði á himnum og á jörðu. Hinn himneski Satan sem gengur um jörðina virðist hafa annað hlutverk en sá sem dvelst aðeins á himnum. Hinn himneski Satan sem gengur jörðina er uppreisnarseggur. Hann er fallinn því hann steig upp og ögraði Guði. Það er þessi gerð af hinum himneska Satani sem hægt er að tileinka illskunni. Þó hann féll frá himnum vekur hann ennþá skelfingu hjá fólki., því hann var í raun ekki sigraður. Hægt er að orða það sem svo að Satan fékk nýjan vettvang til að berjast gegn Guði. Í staðinn fyrir að fara á móti honum beint á himnum gefur Satan sér það markmið að spilla dýrmætustu sköpun Guðs, mannfólkinu. Satan er þar með ekki lengur einfaldur lögfræðingur eða ákærandi. Hann er spillari og hann er svikari. Satan birtist sem jarðneskur freistari í líki höggorms og strax í byrjun er honum kennt um illskuna í heiminum. Adam og Eva bitu kannski af ávextinum, en það var slóttuga höggorminum að kenna. Í staðinn fyrir að láta mannfólkið taka

⁵⁶ Forsyth, Neil, *The Old Enemy*, bls. 114.

⁵⁷ Forsyth, Neil, *The Old Enemy*, bls. 115.

ábyrgð af gjörðum sínum er sökinni komið á Satan. Seinna í Biblíunni sjáum við aftur þegar reynt er að koma sökinni upp á Satan, í frásögninni í Fyrri Króníkubók. Eins og áður hefur verið sagt var sökinni á synd Davíðs komið yfir á Satan, á meðan Guð sjálfur átti sökina í Síðari Samúelsbók. Freistingar og refsingar eru ekki Satans verk í Biblíunni, heldur Guðs. Það var Guð sem sagði Abraham að fórna syni sínum (1Mós 22.2) og það var Guð sem lét jarða niður Sódómu og Gómorru (1Mós 19.24-25).⁵⁸

Bæði staða og vald Satans virðist vera fljótandi í gegnum Gamla testamentið. Hins vegar á alltaf við að Satan er valdaminni en Drottinn. Jafnvel þegar Satan óhlýðnast Guði og ögrar honum með því að freista mannfólkinu, er hann vanmáttugur þegar hann er augliti til auglitis gagnvart Guði, eins og í Sakraía. Þó eru kenningar um að Satan er í raun valdameiri en Biblían lætur hann líta út fyrir að vera. Jafnvel er til sú kenning að Satan og Guð séu ein og sama persónan. Dr. Þórir Kr. Þórðarson, fyrrum prófessor við Háskóla Íslands gældi við þá hugmynd í grein sinni: „Eru Guð og „óvinurinn“ sama persónan?“ sem birtist í *Ritröð Guðfræðistofnunnar* árið 1992. Dr. Þórir kann greinilega að grípa til sín lesendur, en aðeins titillinn sjálfur ber fram athyglisverða og ögrandi spurningu. Í grein sinni reifar Þórir atburðarrás, þar sem Sál konungur er í aðalhlutverki, sem á sér stað í Fyrri Samúelsbók. Án þess að fara yfir atburðarrásina hérna er megininntakið að í staðinn fyrir að fyrirgefa Sál syndir sínar breytti Guð um skoðun þannig að fyrirgefning var ekki í boði. Þórir segir sjálfur að frelsi Guðs til að skipta um skoðun sé „ekki bundið af siðgæðislegum kröfum.“⁵⁹ Hérna virðist guðsmyndin ekki byggjast á fyrirgefningu og kærleika, eins og svo margir trúa að hún gerir. Hér virðist hún vera nokkuð miskunnarlaus og dimm. Fyrir í þessum kafla var fjallað um að Jesaja sagði að Guði skapaði bæði hið illa og hið góða. Þórir var með sömu hugleiðingar og kemur með fleiri dæmi, eins og Fimmta Mósebók 32.39: „Ég deyði og ég lífga,/ ég særi og ég græði,/ og enginn getur frelsað af minni hendi.“ Þórir segir þessa guðshugmynd vera í

⁵⁸ Carus, Paul, *The History of the Devil*, New York: Dover Publications, Inc, 2008. bls. 70-71.

⁵⁹ Þórir Kr. Þórðarson, „Eru Guðs og „Óvinurinn“ sama persónan?“, *Ritröð Guðfræðistofnunnar* 6/1992, ritstj. Gunnlaugur A. Jónsson, bls. 175-198, hér bls. 187.

þverstæðu. Þetta er birtingarmynd Guðs sem bæði setur fólk á krossinn en veitir því einnig hjálpræði.⁶⁰ Þórir endar greinina á því að segja að með hjálp sögurýnnar sé hægt að finna út að guðsmynd textans byggist í rauninni á þeim tíma og þeirri menningu sem uppi var þegar textinn var skrifaður. Það er gegnumgangandi í Ritningunni að hugmyndin um Guð breytist eftir þeim aðstæðum sem að textarnir eru ritaðir í. Sem dæmi boðuðu herleiðingarspámennirnir kærleiksríkan Guð sem myndi bjarga þeim réttlátu frá kúgun og refsu þeim ranglátu til að hughreysta þjóð sína. Hins vegar bendir Þórir einnig á að Guð er „jafn óræður og eldgosin.”⁶¹ Guð getur valdið þjáningu. Guð getur valdið hamingju. Guð getur valdið þjáningu sem leiðir af sér hamingju. Eins og margoft hefur verið sagt eru vegir Guðs órannsakanlegir. Þýðir það að Satan sé Guð? Ef báðir valda þjáningu, getur ekki verið að um sé að ræða einu og sömu persónuna? Fólk á til að reyna að líta á björtu hliðarnar á þeirri þjáningu sem það telur sig sitja undir af hendi Guðs. Talið er að þjáningin hafi tilgang sem mun uppljómast seinna. Hins vegar gagnast þjáningin af hendi Satans aðeins honum sjálfum. Þessi kenning hefur sína galla. Hvenær er þjáning frá Guði og hvenær er þjáning frá Satani? Hvað er réttlát þjáning og hvað er slæm þjáning? Ef í staðin fyrir að fjalla um tvær persónur og fjalla aðeins um eina, óræðan Guð, tókum við út hugmyndina um réttláta og slæma þjáningu. Eftir er aðeins þjáning sem við getum ekki vitað hvort að okkur verði verðlaunað fyrir seinna eða ekki. Þegar allt stóð uppi fékk Job aldrei að vita ástæðu þjáningar sinnar. Hann aðeins tók við henni og var verðlaunað eftir á.

Þetta er án efa áhugaverð kenning, að Guð og „Óvinurinn” séu sama persónan. Þrátt fyrir að þessi ritgerð hefur gengið út frá því að þetta séu tvær mismunandi persónur hafa komið fram ákveðnir þættir sem gefa annað til kynna. Dæmi er umfjöllunin um Fyrri Kroníkubók, þar sem Guði er breytt í Satan. Ef þetta er sama persónan var ekki verið að færa sökina yfir á einhvern annan, frá Guði yfir á Satan, heldur aðeins verið að breyta heitinu á persónunni. Þessi eina og sama persóna kallast þá Guð þegar hún framkvæmir góðverk en Satan þegar hún framkvæmir voðaverk. Þó má ekki líta svo á að Guð sé eins og Dr. Jekyll og Hr. Hyde. Ef Guð og Satan eru eitt, eru þeir ekki sitthvor persónuleikinn,

⁶⁰ Þórir Kr. Þórðarson, *Ritröð Guðfræðistöfnunna*, bls. 192-193.

⁶¹ Þórir Kr. Þórðarson, *Ritröð Guðfræðistöfnunna*, bls. 195.

aðeins sitthvort heitið yfir mismunandi gjörðir Drottins. Þannig væri hugmyndin um Satan ekki ógn við eingyðishugmyndina sem að gyðingar og kristnir halda svo fast í. Gamla testamentið, meira en það Nýja, gefur grunn fyrir að bæði góðir og slæmir hlutir koma frá Guði. Við fáum engin endaleg svör við þessum vangaveltum í þessari ritgerð. Hvort sem að Guð og Satan séu sama persónan eða ekki virðist það vera ljóst að Guð á til að refsa fólki harðlega, þrátt fyrir að okkur gæti fundist það ósanngjarnt. Því er auðveldara að kenna Satani um. Það má segja að sem blóraböggull viðhaldi Satan kærleika Guðs.⁶²

4.2. Hinn jarðneski

Hér fyrir ofan var fjallað um hinn himneska Satan. Hver er þá hinn jarðneski Satan? Málfræðilega er hægt að fjalla öðruvísi um jarðneskan Satan en himneskan. Þá er fjallað um það þegar að orðið „satan” er notað í merkingunni „andstæðingur”. Ekki er þá átt við yfirnáttúrulegan andstæðing heldur mannlega, jarðneska andstæðinga.

Ef Fyrri Samúelsbók 29.4 er skoðuð sjáum við texta sem fjallar um að Filistear reiðast þegar Davíð snýst gegn þeim í hernaði. Í hebreska textanum segja þeir að Davíð hefur orðið að andstæðingi, „satan”, gegn þeim í bardaganum.⁶³ Þarna er orðið „satan” ekki notað í guðfræðilegum skilningi heldur hernaðarlegum. Hér er ekki verið að vísa í yfirnáttúrulega persónu, heldur er verið að lýsa stöðu Davíðs gagnvart Filisteum. Sjálfur Davíð konungur notaði orðið „satan” þegar hann spurði Serújusyni, frændur sína, hvort þeir ætluðu sér að gerast andstæðingar, „satan”, gegn honum.⁶⁴ Í Fyrri Konungabók er greint frá andstæðingi Salómons konungs sem Drottinn beitti gegn honum vegna hjágoðsdýrkun konungsins. „Drottinn vakti Salómon upp mótstöðumann” (1Kon 11.19). Í hebreska textanum er orðið „satan” notað í staðinn fyrir „mótstöðumann”.⁶⁵ Áður í Fyrri Konungabók var einnig orðið „satan” notað, en ólíkt fyrri notunum, var það ekki notað til að benda á einhverja ákveðna

⁶² Brueggemann Walter, *Reverberations of Faith. A Theological Handbook of Old Testament Themes*, bls. 188.

⁶³ Mobley, Gregory og Wray, T.J., *The Birth of Satan*, bls. 53.

⁶⁴ Mobley, Gregory og Wray, T.J., *The Birth of Satan*, bls. 54.

⁶⁵ Brueggemann, Walter, *Reverberations of Faith. A Theological Handbook of Old Testament Themes*, bls. 187.

andstæðinga. Í kafla 5 af Fyrri Konungabók er sagt að Salómon lifði í friði við alla nágranna sína. Í hebreska textanum er hins vegar sagt að enginn andstæðingur, „satan“, sé gegn Salómon. Þarna er orðið „satan“ notað í víðri merkingu, um alla andstæðinga sem gætu staðið gegn Salómoni.⁶⁶ Síðasta dæmið um orðið „satan“ notað um jarðneskan andstæðing er að finna í sálmi 109. „Sendið óguðlegan gegn mótstöðumanni mínum/ og ákærandinn [satan] standi honum til hægri handar. (Slm 109.6). Satan í sálmi 109 virðist hafa einhverskonar lagalegt hlutverk.⁶⁷

Þegar hebreskir höfundar nota hugtakið „satan“ virðist notkun þess gefa til kynna að ófarir söguhetjanna, sem fá þessa „andstæðinga“ á móti sér, eiga uppruna sinn í mannlegri synd. Þannig birtist andstæðingurinn sem eiginleg refsing.⁶⁸ Gyðingar á ritunartíma Gamla testamentisins notuðu hugtakið „satan“ til að lýsa óvinþjóðum sínum. Hugsunarháttur þeirra fólst í aðgreiningu „við, hin útvalda þjóð“ og „hinir.“ Gyðingar aðgreindu sig frá öðrum þjóðum. Eftir komu Krists vönduðust málin. Spurningin var ekki lengur aðeins hverjir voru gyðingar, heldur hvaða gyðingar fylgdu í raun Guði. Þannig byrjuðu gyðingar að nota orðið „satan“ um gyðinglega andstæðinga sína. Það hafði áhrif á þróun Satans sem persónu. Hann þróaðist úr því að vera ögrandi engill í að verða illgjarn óvinur Guðs. Sú ímynd Satans varð ráðandi í Nýja testamentinu.⁶⁹ Satan þróaðist þannig úr engli Drottins yfir í hinn myrkra óvin. Það virkaði sem ákveðin viðvörunarsaga fyrir gyðinga. Fyrst að engill Drottins gat orðið að „Óvininum“ gátu „þeir, hinir útvöldu“ orðið að „hinum.“ Gyðingarnir óttuðust að „falla“ eins og Lúsífer hafði gert í forðum, að falla frá gyðinglega samfélagið sínu og þar með falla frá Guði.⁷⁰

⁶⁶ Mobley, Gregory og Wray, T.J., *The Birth of Satan*, bls. 54-55.

⁶⁷ Mobley, Gregory og Wray, T.J., *The Birth of Satan*, bls. 57.

⁶⁸ Pagles, Elaine, *The Origin of Satan*, bls. 40.

⁶⁹ Pagles, Elaine, *The Origin of Satan*, bls. 47.

⁷⁰ Pagles, Elaine, *The Origin of Satan*, bls. 49.

5. Áhrif Satans á dægurmenningu

So if you meet me
have some courtesy,
have some sympathy, and some taste.

-The Rolling Stones, *Sympathy for the Devil* (1969)

Eins og búið er að koma á framfæri hefur Satan birst á ýmsan hátt í dægurmenningu, þar á meðal í lögum, bókum og kvikmyndum. Hér verður takmarkað við áhrif Satans úr Fyrstu Mósebók og Jobsbók á dægurmenningu. Fyrst verður fjallað um Fyrstu Mósebók. Ef áhrifasagan í kvikmyndum og sjónvarpsefni er skoðuð sést hvernig höggormurinn í sköpunarsögunni er nánast ávallt talinn vera illur en þó er ekki beint sagt að hann sé Satan, alveg eins og í sköpunarsögunni sjálfri. Í *The Simpsons* þættinum „Simpsons Bible Stories“ er sköpunarsagan tekin fyrir þar sem Homer Simpson kemur í stað Adams og Marge Simpson í stað Evu. Höggormurinn er á sínum stað til að sjá um freistinguna, en ekkert bendir til þess að hann sé Satan. Í þættinum er höggormurinn í líki persónunnar Snake (í. snákur), illkvittum glæpamanni í Simpsons-þáttunum og því er ekki að efast um að höggormurinn sé í raun með illt í hyggju.⁷¹

Kvikmyndin *Blade Runner* frá 1982 hefur einnig sterka vísun í þessa frásögn. Í stuttu máli fjallar *Blade Runner* um vélmenni sem kallast eftirmyndir (e. replicants) sem rísa upp gegn sköpurum sínum til að öðlast sjálfstætt og lengra líf. Guðfræðingurinn Þorkell Ágúst Óttarsson nefnir það í grein sinni um kvikmyndina í bókinni *Guð á hvíta tjaldinu* að það megi líkja tveimur eftirmyndum við höggorminn í Eden. Eftirmyndin Zora er með snákahúðflúr og sagt var um hana að hún hafi notið ástar með snákinum sem spillti mannkyninu. „Zora minnir hins vegar aðeins á snákin að því leyti að hún er klók eins og hann og drepur eins og kyrkislanga.“⁷² Hins vegar telja margir að Roy, leiðtogi

⁷¹ Framl. Kirkland, Mark, Groening, Matt og Reiss, Mike, leikstj. Kruse, Nancy, *The Simpsons*, „Simpsons Bible Stories“, 1999, Fox Broadcasting Company.

⁷² Þorkell Ágúst Óttarsson, „Það er eitthvað rotið í Eden. Edenstef í kvikmyndinni *Blade Runner*“, *Guð á hvíta tjaldinu*, ritstj. Bjarni Randver Sigurvinsson,

eftirmyndanna, sé persónugervingur Satans. Hann vitnar meðal annars sjálfur til fallins engils, sem gæti verið vísun í að hann telji sjálfan sig vera Lúsifer. Hann rís upp gegn skapara sínum og myrðir hann. Roy gerir það þó ekki til að ná völdum, heldur til að öðlast lengra líf fyrir sig og eftirmyndirnar. Að því leiti virðist hann líkari Kristi en Satan.⁷³

Áhrif Jobsbókar má finna víða. Þar má meðal annars nefna bókina *Vetrarferðin* eftir Ólaf Gunnarsson. Guðfræðingurinn Stefán Einar Stefánsson fjallar um þessi áhrif í grein sinni „Jobsbók hin nýja” í afmælisriti prófessors Gunnlaugs A. Jónssonar, *Mótun Menningar. Vetrarferðin* gerist á Íslandi á tímum seinni heimstyrjaldarinnar. Aðalpersónan og afleysingarpersóna Jobs er Sigrún. Án þess að farið verður djúpt í söguþráðinn fjallar bókin um hvernig líf Sigrúnar fer á verri veg. Eiginmaður hennar heldur framhjá henni og ber hana. Hún lendir í „ástandinu”, missir þannig samfélagslega stöðu sína og verður kölluð „kanamella.” Hún missir báða syni sína og eiginmaður hennar virðist hafa verið myrtur. Hægt og rólega missir Sigrún alla þá sem henni þótti vænst um. Þrátt fyrir þetta allt saman er Sigrún sterk og sjálfstæð. Þegar allt var að fara á versta veg opnaði hún veitingahús, draumur sem hún hafði lifað með lengi.⁷⁴ Líkingin við Job er ekki lúmsk en sr. Ásgrímur í sögunni nefnir þjáningu Jobs eftir hamfarir þar sem mannfall var mikið, og meðal annars lést annar sonur Sigrúnar þar. Alls er Job nefndur tólf sinnum í bókinni.⁷⁵ Ólafur Gunnarsson sagði sjálfur að hann væri að yrkja út frá Jobsbók þegar hann skrifaði skáldsögu sína.⁷⁶ Líkt og Job var Sigrún trúuð og í reiði sinni spyr hún Guð hvers vegna þessar ófarir hellast yfir hana.⁷⁷ Einn helsti munurinn á atburðarrás Jobsbókar og *Vetrarferðarinnar* er að Job endar á að sættast við Guð. Svo virðist sem Sigrún gerir það ekki.⁷⁸ Í sögunni nefnir sr. Ásgrímur veðmálið sem Guð gerði við Satan en á meðan Job fékk allt sem hann missti ríflega til baka, verður Sigrún ennþá að

Gunnlaugur A. Jónsson og Þorkell Ágúst Óttarsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001, bls. 155.

⁷³ Þorkell Ágúst Óttarsson, *Guð á hvíta tjaldinu*, bls. 155-157.

⁷⁴ Stefán Einar Stefánsson, *Mótun menningar*, bls. 119-127.

⁷⁵ Stefán Einar Stefánsson, *Mótun menningar*, bls. 127.

⁷⁶ Stefán Einar Stefánsson, *Mótun menningar*, bls. 137.

⁷⁷ Stefán Einar Stefánsson, *Mótun menningar*, bls. 129-130.

⁷⁸ Stefán Einar Stefánsson, *Mótun menningar*, bls. 134.

berjast við missinn í lok sögu sinnar.⁷⁹ Svo virðist sem Satan hafi gert henni meiri grikk en hann gerði Job.

Jobstefið má einnig finna í kvikmyndum. Í dönsku myndinni *Adams æbler* frá árinu 2005 er sterklega gefið til kynna að túlka megi myndina út frá Jobsbók þar sem að Biblían opnast alltaf á fyrstu blaðsíðum Jobsbókar þegar hún fellur síendurtekið á jörðina. Jobsgervingurinn er hér presturinn Ívan sem er mikill trúmaður en lifir hóflega og hefur misst konu sína og á fatlaðan son. „Í gegnum alla myndina er Ívan sannfærður um að djöfullinn sé á móti honum og sé að reyna á hann, en Guð sé aftur á móti með honum. Hann hvílir öruggur í þessari trú og má segja að hún haldi honum á lífi.”⁸⁰ Önnur mynd sem inniheldur Jobsgerving er myndin *A Serious Man* frá árinu 2009 eftir Coen bræður. Þar er aðalpersónan nokkuð augljós Jobsgervingur. Myndin gerist á sjöunda áratugnum og segir frá gyðingnum Larry Gopnik. Gopnik er fjölskyldumaður og sonur hans er að fara að ganga undir gyðinglegu helgiathöfnina bar mitzvah. Áður en það gerist fer allt niður á við hjá okkar manni. Konan hans fer frá honum til að vera með manni sem tekur hlutverk sitt sem gyðingur mun alvarlegra en Gopnik. Hins vegar virðist allt ætla að enda vel fyrir hann eftir að hann snýr sér að trú sinni til huggunar. Bar mitzvah sonar hans gengur vel fyrir sig og elskhugi eiginkonu hans deyr. Hins vegar endar myndin á því að Gopnik bíður í símanum eftir að fá að heyra hvort hann sé með krabbamein á meðan hvirfilbylur nálgast skóla sonar hans þar sem kennarinn baslast við það að opna neyðarbyrgið.⁸¹ Óvíst er hvort að Gopnik fær það sem hann missti til baka, eins og Job. Svo virðist sem að veðmál Satans og Guðs sé ennþá í gangi við lok myndarinnar.

⁷⁹ Stefán Einar Stefánsson, *Mótun menningar*, bls. 132.

⁸⁰ Árni Svanur Daníelsson, „Adams æbler”, *Deus ex cinema*, 30. september 2005, sótt 15. Júní 2016 af <http://dec.is/adams-aebler/>.

⁸¹ Framl. Coen, Ethan og Coen, Joel leikstj. Coen, Ethan og Coen, Joel *A Serious Man*, 2009, Relativity Media, Studio Canal, Working Title Films, Mike Zozz Productions.

6. Lokaorð

When after all

It was you and me.

-The Rolling Stones, *Sympathy for the Devil* (1969)

Í dag birtist Satan okkur nær allstaðar. Í kvikmyndum, í bókum, í tónlist, í ljóðum, í málverkum. Sumir telja sig jafnvel sjá verk hans í gjörðum manna eða hamförum náttúrunnar. Hvort sem það er rétt eða ekki, er óhætt að segja að Satan kemur mun oftar fram í dægurmenningu okkar en hann gerði í Biblíunni, hvað þá í Gamla testamentinu. Þrátt fyrir að hann kemur ekki oft fram í því hefur skolli furðu mörg hlutverk og áætlanir, sem virðast ekki mynda heildstæða einingu eða greina fyrir vísi af útplanaðri áætlun. Hér í upphafi var spurt hvert hlutverk Satans væri í Gamla testamentinu. Hann er freistari og spillari sem höggormurinn í Fyrstu Mósebók. Hann er orsök synda í Fyrri Kroníkubók. Hann er himneskur ákærandi í Jobsbók og Sakaríá. Hann er fallinn í Jesaja og Esekíel. Satan virðist svo sannarlega koma víða við. Hins vegar, eins og bent hefur verið á, er sagnfræðilega ólíklegt að þegar talað er um Satan í Gamla testamentinu að verið sé að fjalla um hinn kristna djöful sem hann er orðinn að í dag. Jafnvel virðast lýsingarnar á honum og þau hlutverk sem honum eru eignuð benda til þess að ekki sé alltaf verið að ræða um sömu persónuna. Er fallni freistarinn upphaflega sama persónan og himneski ákærandinn er? Höfundur Jobsbókar hefur ekki haft sömu mynd af Satani og höfundur Fyrri Kroníkubókar eða Jesaja. Enda er það ekki furða. Það er ekki lengur feimnismál að viðurkenna að Biblían er ekki beint af Guði komin. Hún var skrifuð af mörgum mismunandi höfundum yfir mörg hundruð ár og sett saman af enn fleiri utanaðkomandi ritstjórum. Hugmyndirnar um Satan, eins og svo margar guðfræðilegar hugmyndir, hafa þróast með tímanum. Staðreyndin að hlutverk Satans sé margvíslegt og stundum jafnvel samhengislítið bendir ekki á veika stöðu eða áhrifaleysi Satans í gegnum aldirnar. Þvert á móti bendir þessi þróun á hlutverki hans og stöðu á hversu trúfræðilega áhrifamikil þessi persóna er. Yfir mörg hundruð ára tímabil hefur Satan verið heimfærður til að tala inn í mismunandi aðstæður. Má þá nefna herleiðingarspámennina sem notuðu hugmyndina um Satan til að lýsa orsökum

þjáningar þjóða sinna henni til huggunar. Er Satan al-illur eða aðeins misskilinn? Það fer algjörlega eftir því hvaða rit maður les og hvernig maður túlkar það og heimfærir það. Áhrifavald Satans birtist ekki í verkum hans, freistingum eða aðgerðum. Áhrifavald hans birtist í hugmyndinni um hvað hann gæti gert og hvaða möguleika við höfum til að verjast honum og fylgja Guði. Á vissan hátt, eins og kemur fram í Jobsbók, er hlutverk Satans ekki að fjarlægja manninn frá Guði því að með sannri og staðfastri trú stöndum við nærri Drottni þrátt fyrir allar freistingar og hamfarir.

Rannsóknarspurning þessarar ritgerðar fólst einnig í því að finna út hvernig þessi staða Satans í Gamla testamentinu hefur áhrif á þá mynd sem við höfum af honum í dag. Er Satan í dægurmenningu nútímans hliðstæður við Satan Gamla testamentisins? Því verður að vera svarað neitandi. Í dag er Satan ekki ákærandi. Hann er ekki hluti af himneskri hirð Guðs. Í dag er hann nærri því að vera teiknimyndaffígúra, að minnsta kosti ef við lítum á *South Park* og *The Simpsons*. Hann er varla séður í dag sem ógnverkjandi eða hræðilegur. Hann er stór, rauður og geitarlegur. Satan hefur lent í suðupotti þar sem honum var blandað við gríska goðafræði og bitlausa guðfræði. Í dægurmenningu nútímans reynir hann að freista eða pretta en tapar vanalega, ekki vegna trúar eða guðsótta fórnarlambanna, heldur klæki mannanna. Í heimi þar sem veraldarhyggja ræður hefur maðurinn gert sig óháðan Guði í baráttunni við Satan. Í sumum tilfellum hefur það jafnvel gengið það langt að sumir losa sig við Guð, eins og birtist í *Blade Runner* þegar eftirmyndin Roy drepur skapara sinn. En þurfum við að berjast við Satan? Hvað sem *Blade Runner* hefur að segja um málið virðist Gamla testamentið gefa til kynna að Guð almáttugur segir til um hvort hið illa lendir á okkur, hvort sem það gerist af hans höndum eða Satans. Satan hefur það hlutverk sem að við gefum honum. Eins og ritarar Gamla testamentisins verðum við að líta á aðstæður okkar og finna okkar Satan. Eða við getum látið The Rolling Stones gera það fyrir okkur. Þeir virðast hafa náð því nokkuð vel.

7. Heimildaskrá

Ritaðar heimildir:

Alighieri, Dante, *The Divine Comedy*, ritstj. Griffith, Tom/ þýð. Cary, Henry Francis, London: Wordsworth Classics of World Literature, 2009.

Allen, Leslie C., *Ezekiel 20-48*. World Biblical Commentary. Volume 29, ritstj. Hubbard, David A. og Barker, Glenn W., Texas: World Books, 1990.

Allen, Leslie C., *Psalms 101-150*. World Biblical Commentary. Volume 21, ritstj. Hubbard, David A. og Barker, Glenn W., Texas: World Books, 1983.

Biblían: Heilög ritning: Gamla testamentið. Ásamt Apókrýfu bókunum. Nýja testamentið, Reykjavík: Hið íslenska Biblíufélag, JPV útgáfa, 2007.

Brueggemann, Walter, *Reverberations of Faith. A Theological Handbook of Old Testament Themes*, London: Westminster John Knox Press, 2002.

Carus, Paul, *The History of the Devil*, New York: Dover Publications, Inc, 2008.

Clines, David J.A. *Job 1-20*. World Biblical Commentary. Volume 17, ritstj. Hubbard, David A. og Barker, Glenn W., Texas: World Books, 1989.

Dahood, Mitchell, S.J., *Psalms III. 101-150*. The Anchor Bible, New York: Doubleday & Company, Inc., 1984.

Forsyth, Neil, *The Old Enemy. Satan and the Combat Myth*, Princeton: Princeton University Press, 1987.

Gunnlaugur A. Jónsson, „MIDRASH – gyðinglegur spuni út af Ritningunni. Heillandi túlkunarhefð”, *Ritröð Guðfræðistofnunnar* 18/2003, ritstj. Einar Sigurbjörnsson.

Holy Bible. New Revised Standard Version, Oxford: Oxford University Press, 1989.

Klein, Ralph W., *1 Samuel*. World Biblical Commentary. Volume 10, ritstj.

Hubbard, David A. og Barker, Glenn W., Texas: World Books, 1983.

Milton, John, *Paradise Lost*, London: Harper Press, 2013.

Mobley, Gregory og Wray, T.J., *The Birth of Satan. Tracing the Devil's Biblical*

Roots, New York: Palgrave Macmillan, 2005.

Oliver, Evelyn Dorothy og Lewis, James R., *Angels A to Z*, ritstj. Lakey, Andy,

Detroit: Visible Ink Press, 1996.

Pagles, Elaine, *The Origin of Satan*, New York: Vintage Books, 1996.

Smith, Ralph L., *Micah-Malachi*. World Biblical Commentary. Volume 31, ritstj.

Hubbard, David A. og Barker, Glenn W., Texas: World Books, 1984.

Braun, Roddy, *1 Chronicles*. World Biblical Commentary. Volume 14, ritstj. David

A. Hubbard og Glenn W. Barker, Texas: World Books, 1986.

Speiser, E.A., *Genesis*. The Anchor Bible, New York: Doubleday & Company, Inc.,

1983.

Stefán Einar Stefánsson, „Jobsbók hin nýja”, *Mótun menningar. Shaping Culture*.

Afmælisrit til heiðurs Gunnlaugi A. Jónssyni sextugum. A Festschrift in honor of Gunnlaugur A. Jónsson on his sixtieth birthday, ritstj. Kristinn Ólafsson,

Ólafur Egilsson og Stefán Einar Stefánsson, Reykjavík: Hið Íslenska bókmenntafélag, 2012.

Tate, Marvin E., *Psalms 51-100*. World Biblical Commentary. Volume 20, ritstj.

Hubbard, David A. og Barker, Glenn A., Texas: World Books, 1990.

Wanke, G., „Satan adversary”, *Slh terapim, Theological Lexicon of the Old Testament*. Volume 3, ritstj. Jenni, Ernst og Westermann, Claus/ þýð. Biddle, Mark E., Peabody: Hendrickson Publishers, 1997.

Watts, John D.W., *Isaiah 1-33*. World Biblical Commentary. Volume 24, ritstj. Hubbard, David A. og Barker, Glenn W., Texas: World Books, 1985.

Wenham, Gordon J., *Genesis 1-15*. World Biblical Commentary. Volume 1, ritstj. David A. Hubbard og Glenn W. Barker, Texas: World Books, 1987.

Þorkell Ágúst Óttarsson, „Það er eitthvað rotið í Eden. Edenstef í kvikmyndinni Blade Runner”, *Guð á hvíta tjaldinu*, ritstj. Bjarni Randver Sigurvinsson, Gunnlaugur A. Jónsson og Þorkell Ágúst Óttarsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001.

Þórir Kr. Þórðarson, „Eru Guðs og „Óvinurinn” sama persónan?”, *Ritröð Guðfræðistofnunnar* 6/1992, ritstj. Gunnlaugur A. Jónsson.

Sjónvarpsefni og kvikmyndir:

Framl. Coen, Ethan og Coen, Joel leikstj. Coen, Ethan og Coen, Joel *A Serious Man*, 2009, Relativity Media, Studio Canal, Working Title Films, Mike Zozz Productions.

Framl. Kirkland, Mark, Groening, Matt og Reiss, Mike, leikstj. Kirkland, Mark, *The Simpsons*, „ Bart Gets His by a Car”, 1991, Fox Broadcasting Company.

Framl. Kirkland, Mark, Groening, Matt og Reiss, Mike, leikstj. Kruse, Nancy, *The Simpsons*, „ Simpsons Bible Stories”, 1999, Fox Broadcasting Company.

Netheimildir:

Anna Bentína Hermansen, „The Lord of the Rings: The Return of the King”, *Deus ex cinema*, 21. maí 2005, sótt 15. júní 2016 af <http://dec.is/the-lord-of-the-rings-the-return-of-the-king/>.

Árni Svanur Daníelsson, „Adams æbler”, *Deus ex cinema*, 30. september 2005,
sótt 15. Júní 2016 af <http://dec.is/adams-aebler/>.